

**Nd.**

**11. Frumvarp til laga**

**[11. mál]**

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**1. gr.**

Eftir skilgreiningu orðsins vatnasilungur í 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Veiðihlutur: hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

**2. gr.**

2. töluliður 4. gr. orðist svo:

Sé landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði ekki samkomulag um aðra skipan.

**3. gr.**

Aftan við síðasta tölulið 14. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. lið má banna veiði sjávarfiska framan við árósa, þar sem hættu er á, að lax geti veiðzt í veiðilútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

**4. gr.**

1. mgr. 2. töluliðs 15. greinar laganna orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 100 m<sup>3</sup> á sekúndu, en 2000 metra sé vatnsmagnið meira.

**5. gr.**

1. töluliður 19. gr. laganna orðist svo:

Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax- og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hættu á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma á sama hátt og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax- og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú er sagt.

6. gr.

Á eftir 2. tölulið 25. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

3. Ef uppræta skal fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, skal ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að leyfa notkun eittraðra efna eða deyfandi við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

7. gr.

2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum eða stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur. Er stangarveiði á þessum stöðum óheimil, þar til 84 klst. eftir að veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti lauk.

8. gr.

3. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits fiskiræktarfélags eða veiðifélags, ef til er. Þar sem veiðifélag er eigi til, skulu veiðieigendur skipta með sér veiði í hlutfalli við veiðiaðstöðu, sbr. 70. gr. Nú skipta veiðieigendur ekki veiði með sér, og skal þá sýslumaður kveðja matsmenn til að skipta með þeim veiðinni eigi síðar en 3 mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið, hve margar stengur megi hafa um sinn í því veiðivatni. Skulu matsmenn ákveða, hvenær hver veiðieigandi noti sinn veiðihlut.

9. gr.

3. töluliður 35. gr. laganna orðist svo:

Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis, og skal þeim, sem í missir, bætt að fullu samkvæmt mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, í réttu hlutfalli við veiðimagn hverrar jarðar samkvæmt núgildandi arðskrá veiðifélags eða gjaldskrá fiskiræktarfélags, unz önnur arðskrá er samin og staðfest.

Nú er gild arðskrá eða gjaldskrá eigi fyrir hendi, og getur sá, sem í hlut á, krafizt, að hlutdeild hvers veiðieiganda í bótagreiðslu sé ákveðin með mati samkvæmt 107. gr. laga þessara.

Rétt til bóta eiga þeir einir, sem krafizt hafa bóta á réttum tíma samkvæmt lögum nr. 53 1957.

Sýslumaður jafnar metnum bótum niður á veiðieigendur og innheimtir þær fyrir lok hver almanaksárs, í fyrsta skipti fyrir lok ársins 1966.

Bætur má innheimta með lögtaki.

10. gr.

2. mgr. 46. greinar orðist svo:

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal koma eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið gerður félagi í stað landeiganda samkvæmt 48. gr.

11. gr.

Á eftir orðunum „fjarlægð milli veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt“ í 1. tölulið 59. gr. komi inn orðin: ákveða hámarkslengd þeirra.

12. gr.

2. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal hafa eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

13. gr.

2. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Er arðskrá hefur legið frammi, sbr. 2. málsg. 67. gr., skal hún lögð undir úrskurð fundarmanna, og þarf hún  $\frac{2}{3}$  atkvæða félagsmanna til að hljóta samþykki. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Verði arðskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, má boða til annars fundar á sama hátt og getur í 65. gr., og ræður þá afl atkvæða. Verði arðskrá eigi löglega samþykkt, skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 107. gr. Tekur mat gildi átta vikum eftir birtingu, sé yfirmats eigi krafizt. Fari yfirmat fram, tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsnefnd ákveður.

14. gr.

Á eftir 4. málslið 76. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti farið eins og segir í 70. gr.

15. gr.

86. gr. laganna orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi sem slík, sbr. 89. gr.

16. gr.

Á eftir 91. gr. laganna komi ný grein, er verði 92. gr., svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðvar á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. lið 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni með það fyrir augum, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

17. gr.

Á eftir 92. gr. laganna komi ný grein, er verði 93. gr., svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó framan við frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið með það fyrir augum, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarverunni lokinni. Sama gildir, ef seiðum er sleppt í ár með erfðum gönguskilyrðum.

18. gr.

Eftir a-lið 2. málslíðs 101. gr. laganna komi nýr málslíður, er verði b-liður, svo hljóðandi, enda breytast aðrir liðir greinarinnar í samræmi við það:

- b. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkingar með skilyrðum, sem hann setur.

19. gr.

1. töluliður 102 gr. laganna orðist svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands Stangaveiðafélaga, og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra þá í nefndina í hans stað.

20. gr.

1. málslíður 110. gr. laganna breytist þannig, að í stað „15 000 kr.“ komi: 30 000 kr.

21. gr.

111. gr. laganna breytist þannig, að í stað „1 000—15 000 kr.“ komi: 3 000—30 000 kr.

22. gr.

112. gr. laganna orðist svo:

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 20 þús. kr., eða varðhaldi.

23. gr.

113. gr. laganna breytist þannig, að í stað „5 000 krónum“ komi: 15 000 krónum.

24. gr.

Á eftir 116. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Rétt er dómismálaráðherra að skipa eftir þörfum sérstaka dómara, sem rannsaki og dæmi brot gegn lögum þessum.

25. gr.

117. gr. laganna breytist þannig, að niður falli orðin „áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra“.

26. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Fylgdu frumvarpinu þá þær athugasemdir, sem hér fara á eftir:

Í byrjun árs 1963 var veiðimálanefnd í samráði við veiðimálastjóra falið að hefja undirbúning að endurskoðun laga nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, að því er varðar ósveiði við sjó, svo og þau sjónarmið, sem upp koma við tilkomu og rekstur laxeldisstöðva.

Veidimálanefnd og veiðimálastjóri ræddu málið á fundum og rituðu öllum veiðifélögum, fiskræktarfélagum og stangveiðifélögum, sem vitað er um, auk Landssambandi íslenskra stangveiðifélaga og óskuðu eftir tillögum þeirra um breytingar við laxveiðilögin. Mörg félög svöruðu bréfi nefndarinnar. Flest félög lögðu áherzlu á nauðsyn þess, að þrengja reglur um veiði í og við sjávarósa, og þá helzt að færa út friðunarsvæði fyrir lagnetjum við sjávarósa úr 500 metrum upp í allt að 2000 metra. Landssamband ísl. stangveiðimanna gekk lengst í sínum tillögum, þar sem það lagði til, að öll netaveiði á lax- og silungsósasvæðum væri bönnuð, miðað við stórstraumsháflæði. Að áliti nefndarinnar er hér of langt gengið, þar sem setning ákvæða um þetta efni mundi leiða af sér miklar skaðabótageiðslur úr ríkissjóði til veiðieigenda á ósasvæðum. Hvert vatnasvæði getur á grundvelli ákvæða í lögum gert ráðstafanir til að draga úr veiði á ósasvæðum, og virðist eðlilegt, að eigendur vatnasvæða geri það sjálfir, því í eðli sínu er hér um að ræða tilflutning á veiði innan sama vatnasvæðis.

Nokkur félög komu með tillögur um breytingar á fleiri atriðum í lögunum heldur en þau, er hér hafa verið nefnd.

Veidimálanefnd og veiðimálastjóri hafa gert tillögur um breytingar og viðbætur við ákvæði laganna um veiði í og við sjávarósa og viðbætur varðandi friðun og veiði í sambandi við eldisstöðvar. Enn fremur gerðu nefndir aðilar tillögur um breytingar og viðbætur við nokkur atriði önnur í umræddum lögum.

Þessar tillögur veiðimálanefndar og veiðimálastjóra bærust landbúnaðarráðuneytinu á síðastliðnu vori og hafa þær síðan verið til athugunar í ráðuneytinu. Niðurstöður þeirra athugana er lagafrumvarp það, sem hér er lagt fram. Er frumvarp þetta að mestu byggt á tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra.

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir um efni einstakra greina frumvarpsins að því leyti sem þeirra er þörf.

#### Um 1. gr.

Orðið „veiðihlutur“ er hér skilgreindur, og er það til hægðarauka að taka orðið upp í orðaskýringar laganna.

#### Um 2. gr.

Þegar veiðijörð er skipt, er það vandkvæðum bundið að skipta landi til búnytja þannig, að jarðarpartarnir fái land að veiðivatni í réttum hlutföllum við landsstærð hvers fyrir sig. Ef misræmi er í skiptingu lands og veiðiaðstöðu, getur slíkt torveldað skiptingu. Er grein þessari ætlað að bæta úr því. Ekki er samt talið rétt, að setja ófrávíkjanlegar reglur um slíka skiptingu, enda er samkvæmt núgildandi ákvæðum gert ráð fyrir, að mönnum sé frjálst að hafa þá skipan á, sem þeir kjósa.

#### Um 3. gr.

Þessi málsgrein er nýmæli. Laxveiði framan við árósa hefur verið reynd að undanförmu með nokkrum árangri í veiðitæki sem notuð eru til veiða á sjávarfiski. Í 1. mgr. er laxveiði í sjó bönnuð. Ef ákvæði þetta á að geta staðizt framan við árósa, þar sem bann í 6. lið nær ekki til, er nauðsynlegt að heimila veiðibann af því tagi sem hér um ræðir, meðan laxinn er að ganga í árnar á sumrin.

#### Um 4. gr.

Í tillögum millipinganefndar, sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna á árunum 1954 og 1955 var lagt til, að friðunarsvæði við árósa yrðu 1000 metrar. Í meðförum Alþingis var svæðið fært niður í 500 metra. Reynslan hefur sýnt, að 500 metra friðunarsvæði er allt of lítið einkum við ósa stórflyóta. Er því lagt til, að friðunarsvæði við stærri ár verði 2000 metrar og 1000 metrar við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 100 teningsmetra á sekúndu miðað við meðalrennsli. Til viðmiðunar má nefna, að Sogið er talið rúmlega 110

teningsmetrar á sekúndu. Mælingar á vatnsföllum hér á landi eru það langt á veg komnar, að vandaliði má telja að skera úr um vatnsmagn í vatnsföllum landsins.

#### Um 5. gr.

Hér er um að ræða tvær breytingar, sem gerðar eru á 19. gr. laganna. Í fyrsta lagi er gerð sú breyting, að friðunartími á netaveiði byrjar á föstudagskvöldum kl. 10 í stað kl. 9 og honum lýkur á þriðjudagsmorgnum kl. 10 í stað kl. 9. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að til sveita hafa menn talið sig vera önnum kafna kl. 9 á föstudagskvöldum, en víða standa mjaltir yfir á þessum tíma. Þá koma einnig til heyannir á þurrkdögum, en komið hefur í ljós, að menn telja jafnvel ósann-  
gjarnt að verða að taka upp net sín á þessum tíma, er þurrkur er og miklar annir. Þá er það víða svo, að langur vegur er að lögninni og menn öðrum störfum hlaðnir fram undir þennan tíma. Tíminn á þriðjudagsmorgnana skiptir minna máli.

Í öðru lagi er gerð sú breyting á 19. gr. laganna, að í greinina er bætt ákvæði um, að ráðherra geti ákveðið daglegan stangveiðitíma komi veiðieigendur sér ekki saman um hann. Getur ráðherra ákveðið þennan tíma í reglugerð á sama hátt og árlegan veiðitíma, sbr. 2. málsg. 18. gr.

#### Um 6. gr.

Ákvæði þessarar málsgreinar er nýmæli. Á undanförunum árum hefur verið tölu-  
vert gert að því erlendis, að eyða fiski í veiðivötnum með efnum eitruðum fyrir fisk, til þess að rækta síðar aðrar fisktegundir. Rétt er að taka upp slíka fiskrækt-  
unaraðferð hér á landi og heimila, að fiski sé útrýmt undir slíkum kringumstæðum, þó að veiði með eitruðum og deyfandi efnum sé bönnuð, sbr. 112. gr.

#### Um 7. gr.

Við endurskoðun laxveiðilaganna 1954 og 1955 kom fram það álit millipinga-  
nefndarinnar, að vikulegur veiðitími í net og á stöng skyldi vera hinn sami eða  
84 stundir. Þar sem vikulegur veiðitími í net og á stöng falla ekki saman, má nota  
sama veiðistaðinn lengur en 84 stundir á viku með því að skipta yfir frá einu veiði-  
tæki til annars og veiða þannig allt upp í 126 tíma á viku. Dæmi er um, að hæði  
veiðitækin hafi verið notuð á sama veiðisvæði. Millipinganefndin setti á sínum  
tíma varnagla við mistnotkun af þessu tagi, og er einnig lagt til hér, að slíkur  
varnagli sé settur.

#### Um 8. gr.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að þar sem ákveðinn er stangarfjöldi  
fyrir ár, sbr. 3. mgr. 30. gr., og veiðifélög eru ekki starfandi, hafa veiðieigendur  
ekki skipt með sér veiði formlega. Er gagnslítið eða gagnslaust að fastsetja stangar-  
fjölda í þeim ám vegna þess að slík ákvörðun er ekki, að því er virðist, tekin alvar-  
lega af veiðieigendum. Viðbót þeirri, er hér er gerð við 3. mgr. 30. gr. laganna, er  
ætlað að bæta úr þessu. Er í greininni gert ráð fyrir, að sýslumaður kveðji mats-  
menn til þess að skipta veiðinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynnt  
hefur verið, hve margar stengur megi hafa um sinn í því veiðivatni. Er mats-  
mönnum hér ætlað að skipta veiðinni niður á milli veiðieigenda annars vegar og  
ákveða, hvenær veiðieigendur skuli nota veiðirétt sinn hins vegar. Ætti því að vera  
hægt að fylgja eftir framkvæmd ákvörðunar um stangarfjölda við allar veiðiár.

#### Um 9. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 53 1957 ber ríkissjóði  
og sýslusjóði að greiða bætur vegna friðunar veiðivatns, þeirrar, er getur í 35. gr.  
laganna. Þar sem friðunin er gerð í þágu veiðieigenda virðist einsætt, að þeir eiga

að standa undir kostnaði af henni, en eigi almenningur. Sjónarmið þau, sem hér um ræðir, liggja til grundvallar þessu ákvæði frumvarpsins.

Veiðieigendur á ósasvæði Hvitár í Borgarfirði og Laxár í Leirársveit hafa einir krafizt bóta samkvæmt 3. tl. 35. gr. téðra laga.

Allar veiðijarðir í fiskihverfinu skulu greiða hver sinn hluta af hótum, einnig þær, sem verða bóta aðnjótandi, en við ákvörðun bótanna ber taka tillit til þessa.

Gert er ráð fyrir, að bætur til veiðieigenda fram til ársins 1966, verði greiddar úr ríkissjóði og sýslusjóði samkvæmt núgildandi lögum.

#### Um 10. gr.

Breytingar á 2. málsgr. 46. gr. laganna varða tvö atriði. Um fyrra atriðið skal það sagt, að samkvæmt núgildandi lögum skal, fyrir hvert lögbýli, sem metið er til verðs á gildandi fasteignamati, koma eitt atkvæði. Í frumvarpinu til núgildandi laga var gert ráð fyrir, að miðað yrði við fasteignamat ársins 1942 eða eldra mat. Alþingi breytti þessu hins vegar á sínum tíma í núverandi horf, það er að miðað er við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Reynslan hefur sýnt, að með núverandi reglum skapast möguleiki til að skipta jörðum (jafnvel eyðijörðum), láta meta hvern part á ný sérstaklega og fá þannig fleiri atkvæði út á sömu jörð. Með því að miða við fasteignamat á hverjum tíma, er opin leið til alls konar ráðstafana í því augnamiði að öðlast fleiri atkvæði. Hamla ber gegn þeirri þróun, að atkvæðisréttur sömu jarðar geti í sífellu breytzt, þótt veiðihlunnindi standi óbreytt. Verður um þetta að skapast meiri skýrleiki og festa. Er því lagt til, að sama regla og upphaflega var í frumvarpinu til laganna, verði tekin upp, og atkvæði sé bundið við lögbýli, sem metið er til verðs á fasteignamati ársins 1942 eða eldra mati.

Hin breytingin er fólgin í því, að felld er niður úr greininni setningin: „Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði.“ Ástæða þessa er sú, að óeðlilegt er talið, að ef fleiri jarðir komast á eina hönd tapist atkvæðisréttur að sama skapi, þ. e. að atkvæðisréttur breytist við tölu eigenda jarða. Þessi núverandi regla ýtir undir málamyndasamninga og er í andstöðu við það markmið að hvetja til stækkunar búa. Er því lagt til, að atkvæðafjöldi ákvarðist af fjölda lögbýla en ekki fjölda eigenda lögbýla.

#### Um 11. gr.

Rétt þykir að bæta inn í málsgreinina heimild til þess að takmarka lengd veiðivéla út á vatn. Er það í anda þessarar greinar og ekki síður friðunarráðstöfun heldur en aðrar takmarkanir í málsgreininni.

#### Um 12. gr.

Breytingar þær, sem hér um ræðir, eru sama eðlis og þær, sem ræddar eru í skýringum með 10 gr. og vísast til þess.

#### Um 13. gr.

Bætt er framan og aftan við 2. málsgr. 70. gr. Þykir að fenginni reynslu nauðsyn á að taka fram um, hvernig fara skuli að, þegar tillögur um arðskrá eru eigi löglega samþykktar á fundi. Í greininni er gert ráð fyrir, að yfirmatsnefnd ákveði, hvenær yfirmat öðlist gildi. Eðlilegt telst, að yfirmat taki gildi frá sama tíma og undirmat hefði tekið gildi, en stundum getur staðið svo á, að óheppilegt þyki, að yfirmat gildi langt aftur í tímann frá birtingu þess.

#### Um 14. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 15. gr.

Rétt þykir, að eldisstöðvar þurfi að viðurkennast af veiðimálastjóra sem slíkar og binda undanþágur í lögum (89. gr.) og rétt til styrkveitinga við viðurkenndar eldisstöðvar.

Um 16. gr.

Þessi grein er nýmæli. Með tilkomu fiskeldisstöðva, sem sleppa laxaseiðum af göngustærð í frárennsli stöðvanna í þeim tilgangi að fá þau upp í þær aftur, verður nauðsynlegt að vernda svæðin framan við eldisstöðvar fyrir allri veiði. Vænta má, að veiði framan við eldisstöðvar verði reynd undir því yfirskeyni, að verið sé að veiða aðrar fisktegundir en lax. Þekkt slíkt í Elliðavogi við Reykjavík. Það er sanngirnismál, að þeir sem ala upp laxinn, fái að njóta hans, þegar hann kemur af hafi, enda er það undirstöðuregla, sem byggt var á, er lax- og silungsveiðilögin voru samin.

Um 17. gr.

Þessi grein er nýmæli. Koma má upp eldisstöðvum við vatnslitlar ár, og sleppa seiðum í slíkar ár með það fyrir augum, að fiskur gangi aftur upp í árnar. Í þurrka-tíð getur orðið töf á, að fiskur gangi upp í slíkar ár, og væri þá æskilegt, að eldisstöðvar gætu fengið undanþágu til þess að veiða fisk framan við áróšana með þeim takmörkunum, sem veiðimálastjóri setur hverju sinni, enda sé um að ræða fisk, sem stöðin hefur alið upp. Sama ætti að gilda, þar sem um smá ár er að ræða, sem gönguseiðum er sleppt í, og sem litla möguleika hafa sjálfar til að framleiða gönguseiði.

Um 18. gr.

Þessi liður er nýmæli. Fiskmerkingar eru mikilvægur liður í rannsóknum á ferðum fiskanna og á því, hve mikill hluti þeirra kemst af. Með vaxandi seiða-sleppingum er mikilvægt að kanna með merkingum, hvaða árangur verður af því að sleppa seiðum við mismunandi skilyrði. Þar sem merkja þarf fisk í mörgum ám, er nauðsynlegt, að einn aðili, það er veiðimálastjóri, hafi með slíkar merkingar að gera, og geti leyft öðrum að merkja fisk, enda fari viðkomandi eftir því kerfi, sem veiðimálastjóri hefur á merkingum, því annars er hætt við að ringulreið skipist, og að lítið verði að marka niðurstöður af slíkum merkingum. Samkvæmt lögnum fer veiðimálastjóri með rannsóknir vatnafiska. Er honum því ætlað að samræma allar merkingar á vatnafiskum. Með þessum lið eru tekin af öll tvímæli um tilhögun á merkingu vatnafiska.

Um 19. gr.

Landssamband íslenzkra stangveiðimanna hefur gert það að tillögu sinni, að nefndarmönnum í veiðimálanefnd verði fjölgað úr þremur í fimm, og fá samtökin einn mann í nefndina. Er hér með orðið við þessari málaleitun Landssambands stangveiðifélaga, en jafnframt er talið eðlilegt að Landssamband veiðifélaga tilnefni einn mann í nefndina. Þar sem veiðiréttur fylgir yfirleitt jörðum og flestir veiði-eigendur eru bændur, er talið eðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands tilnefni einn mann í nefndina. Tilnefning Hafrannsóknastofnunarinnar byggist á því, að æskilegt er talið, að fiskifræðingur starfi í nefndinni.

Um 20. gr.

Refsiákvæði hafa verið óbreytt síðan 1952. Á þeim þrettán árum, sem liðin eru síðan, hafa orðið miklar verðhækkanir, en þó einna mestar hækkunir á laxveiðileigu. Þykir eðlilegt að hækka refsíákvæði nú. Lágmarkssektir eru þrefaldaðar og hámarkssektir tvöfaldaðar.

Um 21. gr.

Sjá skýringar við 21. gr.



Um 22. gr.

Rétt þykir að fella niður orðin „skotvopn“ og „rafmagn“ úr greininni, þar sem afleiðingar af notkun þessa eru minni heldur en af öðru því, sem talið er upp í greininni. Eðlilegt þykir að þvingja sektir fyrir brot á greininni verulega, þar sem afleiðingar af athöfnum þeim, sem í greininni eru taldar, geta verið mjög víðtækar.

Um 23. gr.

Rétt þykir af þrefalda hámarkssektir við brotum á greininni.

Um 24. gr.

Reynslan hefur sýnt, að afgreiðsla á brotum gegn laxveiðilögunum hefur oft verið slæm, þar sem málin hafa verið dregin á langinn, og sum hafa aldrei verið afgreidd. Ef viðhalda á góðri veiði, er brýn nauðsyn á, að laxveiðilögin séu haldin, og brot gegn þeim afgreidd fljótlega eftir að þau hafa verið framin. Meðan á laxveiðitímanum stendur eru sýslumenn oft önnum kafnir við að þinga og eru í sumarfrí og eiga því óhægt um vik að taka málið fyrir fyrr en löngu síðar. Úr þessu ástandi verður helzt bætt með því að setja setudómara til þess að fjalla um brot á laxveiðilögunum.

Um 25. gr.

Eðlilegt virðist að fella niður síðustu orðin í greininni, þar sem tvö ár reyndust ekki nægjanleg til þess að fá félögin til að breyta samþykktum sínum til samræmis lögunum.

Um 26. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 27. gr.

Þarf ekki skýringar við.